

Framfarafélag Flateyjar
Netfundur 2. desember 2020 kl. 17:00.

Mættar voru Bylgja, Kata, Kristín, María, Svava.

Dagskrá fundar :

1. Umræður um samantekt Breiðafjarðarnefndar á framvindu og niðurstöðum verkefnisins sem gengið hefur undið nafninu **“Framtíð Breiðafjarðar”** Stjórn FFF hefur kynnt sér efni samantektarinnar og sér ekki þörf á því að koma með athugasemdir. Stjórn FFF kemur málefnum á framfæri á Facebook síðunni Flateyjar og netsíðu Framfarafélagsins Flatey.com.

2. Umræður um farangursflutninga í eyjunni. Magnús í Krákuvör hefur sagt upp störfum við farangursflutningana sem hann hefur sinnt með sóma í fjölda mörg ár. Húseigendur hafa verið að velta fyrir sér fyrirkomulagi á farangursflutningum framtíðarinnar. Telur stjórn FFF að best sé hvert hús annist sína flutninga sjálf eins og var hér áður en Magnús fór að ferja farangurinn. En hafa ber í huga að fjölga ekki um of mótórfarartækjum í eyjunni og nýta þá frekar handaflíð og þau farartæki sem fyrir eru í eyjunni.

3. Umræður um brunavarnir í Flatey. Stjórn FFF hefur áhuga á að óska eftir samtali við Reykhólahrepp um fyrirkomulag brunavarna í eyinni, en margar hugmyndir eru uppi um þær. Mikilvægt er að hugað verði að hagsmunum ábúenda og skoðunum þeirra á málefnum þar sem þau búa þarna allan ársins hring.

4. Umræður um Silfurgarðinn. Silfurgarðurinn er friðlýstur skv. lögum um menningarminjar og Minjastofnun hefur umsjón með friðlýstum menningarminjum. En þar sem hann er sjóvarnargarður þá er það Vegagerðarinnar að sjá um viðhald og endurbætur, í samráði við Minjastofnun. Minjastofnun vísaði erindinu áfram til Magnúsar A. Sigurðssonar, minjavarðar í Stykkishólmi, en Flatey heyrir undir hans minjasvæði.

5. Umræður um öryggi í siglingum yfir Breiðafjörð og samin var ályktun sem stjórn FFF mun senda frá sér varðandi Baldur til þeirra aðila sem málið varðar auk þess að birta hana á heimasíðu félagsins. Ályktun frá stjórn Framfarafélags Flateyjar um Breiðafjarðarferjuna Baldur :

Stjórn Framfarafélags Flateyjar lýsir yfir áhyggjum af öryggi ferjusiglinga yfir Breiðafjörð. Flóabáturinn Baldur er án varavélar og bilun hans í sumar sýnir svo ekki er um villst þörfina fyrir nýja og betur búna ferju. Ábúendur og sumarhúsa eigendur í Flatey treysta á Baldur til samgangna auk þess sem hann sér eygni fyrir neysluvatni. Stjórn Framfarafélags Flateyjar telur mikilvægt að endurnýja ferjuna sem fyrst.

6. Stjórn FFF leggur til að næsta Vetrahátíð verði haldin þann 13. mars 2021 ef aðstæður í þjóðfélaginu leyfa. Mun verða haft samband við Flateyjarveitur til að bera daginn undir þá upp á aðalfundi félaganna.

Stjórn FFF ræddi um tilhögun og framkvæmd Vetrahátíðar. Það er mikil ábyrgð og álag fyrir húseigendur að sjá um allt varðandi hátíðina. Engar reglur eru til um kostnað eða aðra hluti tengda hátíðinni og á hverju ári þurfa þeir sem halda viðburðinn að finna upp hjólið með tilheyrandi vafstri. Hugmynd kom upp að stjórn FFF héldi utan um Vetrahátíðina. Þá væri hægt að leggja kostnaðarlínur

og byggja upp gagnagrunn og þá helst einnig þekkingin milli ára og allt vafstur kringum hátíðana ætti að vera einfaldara. Og í stað þess að húseigendur skiptust á að halda hátíðina þá gæti þeir skipst á að sjá um skemmtiatriðin.

7. Umræður um heimasíðu Framfarafélagsins Flatey.com. Hugmynd kom upp á úbúa svæði á síðunni fyrir skráningu á póstlista. Þá gætu áhugasamir skrá sig ef þeir vilja fá tilkynningar um nýtt efni á síðunni. Auk þess sem þeir geta afskráð sig þegar þeir vilja.

Fundi slitið kl 18:30.